



Reykjavík, dags. 2019-09-30

Ágæti læknir,

**Fræðsluefni fyrir lyfið Quetiapin Medical Valley
(quetiapinfúmarat)**

Quetiapin Medical Valley 50, 150, 200, 300 og 400 mg forðatöflur eru markaðssettar á Íslandi frá 1. september 2019.

Eitt af skilyrðunum fyrir markaðssetningu lyfsins er að fræðsluefni um notkun þess sé dreift til heilbrigðisstarfsfólks til þess að tryggja öryggi og verkun við notkun þess. Fræðsluefnið er ætlað til að vekja athygli á aukaverkunum og eftirliti sem þarf sérstaklega að hafa í huga þegar quetiapin er notað. Efnið hefur verið yfirfarið af Lyfjastofnun.

Fræðsluefni fyrir Quetiapin Medical Valley samanstendur af:

- Bæklingi fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Ofangreint fræðsluefni er aðgengilegt, ásamt samantekt á eiginleikum lyfsins og fylgiseðli þess á vefsíðunni <http://www.serlyfjaskra.is>.

Mikilvægt er að læknar kynni sér fræðsluefnið og styðjist við upplýsingar sem koma fram í samantekt á eiginleikum lyfsins og í fræðsluefninu þegar lyfið er notað.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, sjá leiðbeiningar og eyðublöð á vef stofnunarinnar: www.lyfjastofnun.is.

Vinsamlegast hafið samband við Acare ehf, umboðsaðila Medical Valley á Íslandi, í síma 517-7300 eða með tölvupósti á info@acare.is, til að panta prentuð eintök af fræðsluefninu eða ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið.

Fyrir hönd Medical Valley Invest AB

Með kveðju,

Baldur Árnason
Framkvæmdastjóri Acare ehf